



## Stjórnarfundur 5 miðvikudaginn 3. desember 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Hreggviður Norðdahl og Árni Jón Eggertsson.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Dagbjört Víglundsdóttir og Brynja María Ólafsdóttir.

### Dagskrá

- Val á blakfólki ársins
- Árs- og uppskeruhátíð BLÍ
- Tímasetning ársþings m.t.t. Smáþjóðaleika
- Fréttir af CEV, FIVB, SCD, NEVZA og formannafundi ÍSÍ
- Bikarkeppnin frá upphafi til enda
- Smáþjóðaleikar
- Landsliðsverkefni
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Val á blakfólki ársins

- ✓ Nokkur umræða var um val á blakfólki ársins og komust fundarmenn að niðurstöðu eftir að hafa skoðað vel afrek fólksins á árinu 2014.
- ✓ Til greina komu:
  - Hafsteinn Valdimarsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Emil Gunnarsson, Lúðvík Már Matthíasson, Róbert Karl Hlöðversson
  - Elísabet Einarsdóttir, Berglind Gígja Jónsdóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Hjördís Eiríksdóttir.
- ✓ Blakmaður ársins 2014 er Hafsteinn Valdimarsson
- ✓ Blakkona ársins 2014 er Elísabet Einarsdóttir
- ✓ Sævari falið að skrifa rökstuðning með valinu og tilkynna ÍSÍ um valið fyrir 19. desember.
- ✓ Valið verður kunngjört í viðburði sem haldinn verður um miðjan desember í höfuðstöðvum BLÍ.

#### Árs- og uppskeruhátíð BLÍ

- ✓ Rætt var um að breyta til með þessa hátíð og fór nokkur umræða fram á fundinum.
- ✓ Ákveðið var að gera skoðanakönnun hjá félögunum með einhverjum kostum um hvernig þau sjá þetta fyrir sér í framtíðinni.
- ✓ Sævari falið að setja upp skoðanakönnun og senda á félögin í Úrvalsdeildum.

#### Tímasetning næsta ársþings BLÍ

- ✓ Ákveðið að næsta ársþing BLÍ verði haldið laugardaginn 16. maí 2015

#### Fréttir af þingum alþjóðasambanda

- ✓ NEVZA: Ákvarðanir bíða tæknifundar sem er í næstu viku í Finnlandi. Fulltrúi Íslands verður Sævar Már Guðmundsson. Þar á m.a. að ræða: Per Diem, tímasetningu móta, dómaramál, dagsetningu NCC. Sævar gert að fylgja því eftir að dagsetning U19 verði ekki í miðri viku heldur tengt annarri hvorri helginni og að NCC mótið verði ekki á sömu helgi og U17, sérvandamál Íslands vegna fámennis.
- ✓ SCD: Verið að koma á fót Evrópukeppni U16 stúlkna og U17 drengja. Smáþjóðirnar eru einnig með U20 karla og U19 kvenna en Ísland hefur ekki enn sent lið til keppni í þau mót.
- ✓ FIVB: Reglubreytingar, gamla netreglan tekin upp að nýju og verður í öllum keppnum sem hefjast eftir 1. janúar 2015. Kjörtímabili forseta FIVB var breytt úr 4 í 8 ár og mest 12 ár við völd.

- ✓ CEV: Evrópuleikar í Baku ræddir og löndin sem hafa þátttökurétt höfðu áhyggjur af því að bestu liðin yrðu ekki send til keppinnar vegna álags í öðrum keppnum. Var rætt um að fjölga kvendómurum og einnig menntun dómara almennt komin á internetið. Þá var lagt áherslu á notkun samfélagsmiðla í blakhefingunni.
- ✓ Formannafundur ÍSí: Íþróttabing dagsett 17.-18. apríl nk. að Gullhömrum. Þar var talað lítillega um samninginn við Flugfélag Íslands og er verið að skoða fjölda flugmiða sem íþróttahreyfingin kaupir og/eða missir af. Semsagt verið að reyna að breyta reglunum. Var tilkynnt að hóf vegna kjörs á Íþróttamanni Ársins 2014 verði haldið þann 3. janúar 2015 að Gullhömrum í Grafarholti.

### Bikarkeppnin frá upphafi til enda

- ✓ Farið var yfir ferilinn vegna bikarkeppinnar og sérstaklega undankeppinnar í Neskaupstað. Fram kom að kostnaður hafi verið mikill hjá þeim félögum sem fóru á staðinn og minnst á það hversu erfitt hafi verið að fá flug, bílaleigubíl og húsnæði. Það að ekki hafi verið vitað hvar mótið væri þegar auglýst var eftir þátttökuliðum var líka slæmt.
- ✓ Nýja reglugerð þarf að smíða og er sú vinna farin af stað fyrir tilstilli formanns mótanefndar og Kristjáns Geirs. Stjórn BLÍ hefur ekki séð uppkast af þeirri sem er í smíðum.
- ✓ Úrslitahelgin verður 7.-8. mars
  - Auglýsingamál fyrir félögin verður með sama fyrirkomulagi og síðast. Skila þarf inn auglýsingum og efni 3 vikum fyrir helgina til BLÍ.
  - Umsjón og veitingasala. Fylki verður boðið að sjá um veitingasölu og sjá að hluta um umsjónina á leikjunum. Þarf að nýta tækifærið í þessari keppni að þjálfarar sjálfboðaliða fyrir Smáþjóðaleikana og framkvæmdanefndin látin vita af því.
  - Miðasala. Verður að teljast líklegast að midi.is verði með miðasöluna en félögin munu fá miða til að selja í forsölu.
  - Umgjarðarhóp þarf að setja saman
  - Finna þarf styrktaraðila fyrir keppnina
  - Jason og Sævar funda með sjónvarpinu

### Smáþjóðaleikar

- ✓ Keppnisþjóðir í leikunum áttu að skila inn fyrir 1. des og höfum við ekki staðfestingu á fjölda liða en bæði blakkeppni karla og kvenna hafa náð lágmarksfjölda liða til að keppt verði.
- ✓ Í strandblaki er þátttaka góð.

### Landsliðsmál

- ✓ Unglingalandsliðin nýkomin úr verkefnum í haust og þau gengu ágætlega
- ✓ Bæði A landslið karla og kvenna halda á Novotel Cup í Luxemborg 1. janúar. Kvinnaliðið fer svo til Ítalíu 1.-6. apríl í æfingaferð og er stefnt á að fara út með 18-20 leikmenn af U19 liði líka.
- ✓ Stefnt er að æfingaleikjum fyrir karlaliðið þegar nær dregur Smáþjóðaleikum til að undirbúa liðið
- ✓ Daniele hefur kynnt hugmyndina um Team Iceland. Stórt verkefni sem miðar að því að búa til afreksíþróttamenn í blaki. Þrjár eða fleiri stöðvar á landinu þar sem þjálfari fær til sín leikmenn 1 sinni í viku eingöngu í tækniþjálfun. Er núna að hugsa um 2000 árgang og upp úr.

### Önnur mál

- ✓ Kynning á blakmanni og blakkonu ársins verði á blaðamannafundi um leið og verðlaun verða veitt vegna fyrri hluta Íslandsmóts. Þá ætti að draga einnig í bikarkeppninni. Sævari falið að skrifa bréf og senda með atkvæðaseðlum og tilkynna félögunum.
- ✓ Bréf til UMFA vegna sektar og svo svarbréf frá formanni kynnt stjórn BLÍ.

- ✓ Reynir Árnason mun vinna hjá sambandinu í næstu viku til að ná í tíma vegna skólans. Mun nýttast við innsláttar stigaskors og fleiri tilfallandi verkefni sem Sævar setur hann í.
- ✓ Búið að bjóða Sævari að vera dómari í Luxemborg en óvíst hvort hann taki boðinu þar sem hann á annað hvort sjálfur að borga flugið eða blaksambandið.

*Fleira var ekki rætt á fundinum*

*Fundi slitið kl. 18.30*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*